

ONE Transparent

Hálfþekjandi viðarvörn



Efnislýsing

ONE Transparent er vatnspýnnaðleg og hálfþekjandi viðarvörn sem dregur fram viðaræðarnar og færir líf í áferð viðarins. Hún er sérstaklega góð vörn gegn veðrun vegna eiginleika sem byggja á nanó-sílikontækni. Sú tækni gerir það m.a. að verkum að filman er sjálfhreinandi því bindiefnin gera flötinn jafnari og harðari (samt með góðri teygju) og hann hrindir þ.a.l. betur frá sér óhreinindum. Regnvatn skolar síðan óhreinindunum auðveldlega burt. Vatn nær heldur ekki að loða við flötinn og því springur viðurinn miklu síður. Þessir eiginleikar eru afar mikilvægir fyrir þá sök að ef óhreinindi festast ekki í klæðingu ná þörungar og sveppagróður ekki fótfestu – því þeir lifa á skítum. Hrein málning endist mun lengur og heldur lit sínum betur. Enn einn kosturinn við ONE Transparent er innbyggð sólarvörn (UV og HALS) sem kemur í veg fyrir niðurbrot og gráma í við. ONE Transparent þornar fljótt og er regnþolin 2 klst. eftir málnun.

Ath. Hentar ekki á harðvið. Þar ráðleggjum við Cetol HLS plus og/eða Cetol Filter 7 plus frá Sikkens.



Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í við).

Nýmálun

1. A-gagnvarinn viður þarf að veðrast í nokkra mánuði, síðan skal þrifa hann með Tinova Wood Cleaner og slípa loks með sandpappír, t.d. nr. 100.
2. Gegndreypið alla fleti með Tinova Wood Base Oil, sérstaklega alla gljúpa fleti eins og endatré.
3. Málið 2 umferðir með ONE Transparent.
4. Á lárétta hallalausum fleti er ráðlagt að bera aukaumferð af báðum efnum.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með þörunga- og mygluhreinsi. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Öll gömul og laus málning skal fjarlægð. Gljúandi fleti skal slípa matta til að tryggja góða viðloðun. Gráma og fúa í viði skal þússa niður uns komið er í niður í eðlilegan viðarlit.
3. Beran við skal gegndreypta með Tinova Wood Base Oil.
4. Málið 2 umferðir með ONE Transparent.
5. Á lárétta hallalausum fleti er ráðlagt að bera aukaumferð af báðum efnum.

Ef áður hefur verið málað með hálfþekjandi efni skal þvo eða burstu flötinn upp og mála síðan tvær umferðir af ONE Transparent.

Annað

Athugið að efnið er vatnspýnnaðleg þeytulausn og því ekki að marka litinn í dósinni. Réttur litur kemur fram þegar efnið hefur þornað. Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Ekki mála ef sól skín beint á flötinn eða hætta er á regni eða daggarmyndun innan nokkurra klukkustunda eftir lok verks.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akrýl/alkýð þeytulausn

Gljástig: Hálfmatt

Purrktími: Við 23°C/50% raka, snertipurtt eftir 2 klst

Yfirmálun: 6 klst

Hiti við málnun: minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn, mest 10%

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprauta

Þekja nýmálun: 6-8 m²/l

Þekja endurmálun: 8-10 m²/l

Umbúðir: 1, 2,5 og 10 lítra dósir

Litir: Viðarlitir og allir aðrir tónar

Stofnar: BC

Hreinsun: Vatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. A/d) 130 g/l.):

Inniheldur mest 95 g/l

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið dósinni vel eftir notkun. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella olíuleifum í niðurföll. Tónum umbúðum og efnaleifum skal skila til endurvinnslu-stöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.